



## Borgarráð

### Gervigrasvellir. Endurnýjun 2025.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í innkaupaferli vegna endurnýjunar og lagfæringa á gervigrasvöllum 2025.

Kostnaðaráætlun er 300 m.kr.

#### Greinargerð:

Um er að ræða aðalvöll (keppnisvöll) á Íþróttasvæði ÍR í Mjódd, aðalvöll (keppnisvöll) Leiknis við Austurberg og æfingavöll Víkings í Fossvogi.

Í verkefninu felst upprif og förgun á núverandi gervigrasi, útvegum og niðurlögn nýju gervigrasi ásamt fjaðurlagi. Þá þarf að lagfæra undirlag undir gervigrasi á æfingavelli Víkings vegna sigs í jarðvegi sem þar hefur komið fram. Gervigrasið skal vera af bestu fánlegum gæðum og uppfylla FIFA Quality staðal Alþjóðaknattspyrnusambandsins.

Kostnaðarstaðir: 1105  
Kostnaðaráætlun: 300 m.kr.

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:

- Kynning



# Víkingur, ÍR og Leiknir

## Endurnýjun gervigrass

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# Æfingavöllur Víkings í Fossvogi

Endurnýjun gervigrass

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# Lýsing á framkvæmd

- Útboðsverkið felst í endurnýjun á gervigrasi á æfingavelli Víkings.
- Helstu verkþættir:
  - Upprif og förgun á núverandi gervigrasi og fjaðurlagi og farga hjá viðurkenndum framleiðanda.
  - Jöfnun og lagfæringar jarðvegspúða undir gervigras.
  - Útveggun og fullnaðarfrágangur gervigrass á æfingavöll Víkings  
Gervigrasið skal vera af bestu fánlegum gæðum og uppfylla FIFA Quality staðal Alþjóðaknattspyrnusambandsins.
  - Prófun á grasinu að fullnaðarfrágangi loknum til staðfestingar á að það uppfylli fyrirbyggjandi kröfur staðals og útboðsgagna.
  - Nýjan búnað, mörk og hornfánar ásamt festingum í undirlag.



# Yfirlitsmynd





# Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 100 m.kr. skv. kostnaðaráætlun.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir við töku tilboðs og áætlað að þeim ljúki 5. ágúst 2025.



# Aðalvöllur ÍR

## Endurnýjun gervigrass

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# Lýsing á framkvæmd

- Útboðsverkið felst í endurnýjun á gervigrasi á aðalvelli félagsins ÍR.
- Helstu verkþættir:
  - Upprif og förgun á núverandi gervigrasi ásamt því að framkvæma prófun á fjaðurlagi m.t.t. þess að nýta það áfram og eða rífa fjaðurlag upp og farga hjá viðurkenndum framleiðanda.
  - Jöfnun og lagfæringar jarðvegspúða undir gervigras.
  - Útveggun og fullnaðarfrágangur gervigrass ásamt fjaðurlagi (in-situ) á æfingavöll ÍR. Gervigrasið skal vera af bestu fánlegum gæðum og uppfylla FIFA Quality staðal Alþjóðaknattspyrnusambandsins.
  - Prófun á grasinu að fullnaðarfrágangi loknum til staðfestingar á að það uppfylli fyrirbyggjandi kröfur staðals og útboðsgagna.
  - Nýjan búnað, mörk og hornfánar ásamt festingum í undirlag.





# Yfirlitsmynd





# Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 100 m.kr. skv. kostnaðaráætlun og hvort fjaðurlag nýttist áfram.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir við töku tilboðs og áætlað að þeim ljúki í sumar og í nánari samráði við ÍR.



# Aðalvöllur Leiknis

Endurnýjun gervigrass

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# Lýsing á framkvæmd

- Útboðsverkið felst í endurnýjun á gervigrasi á aðalvelli félagsins Leiknir.
- Helstu verkþættir:
  - Upprif og förgun á núverandi gervigrasi ásamt því að framkvæma prófun á fjaðurlagi m.t.t. þess að nýta það áfram og eða rífa fjaðurlag upp og farga hjá viðurkenndum framleiðanda
  - Jöfnun og lagfæringar jarðvegspúða undir gervigras.
  - Útveggun og fullnaðarfrágangur gervigrass ásamt fjaðurlagi (in-situ) á æfingavöll Leiknis. Gervigrasið skal vera af bestu fánlegum gæðum og uppfylla FIFA Quality staðal Alþjóðaknattspyrnusambandsins.
  - Prófun á grasinu að fullnaðarfrágangi loknum til staðfestingar á að það uppfylli fyrirbyggjandi kröfur staðals og útboðsgagna.
  - Nýjan búnað, mörk og hornfánar ásamt festingum í undirlag.



# Yfirlitsmynd





# Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 100 m.kr. skv. kostnaðaráætlun og hvort fjaðurlag nýttist áfram.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir við töku tilboðs og áætlað að þeim ljúki í sumar og í nánari samráði við Leikni.



Reykjavík